

FYRIRLESTUR UM EITTHVAÐ FALLEGT

EFTIR **SMARTÍLAB**

„Ég er eiginlega bara orðlaus, þessi flotti leikhópur setti saman sýningu sem náði að mér fannst alveg að skera beint inn að kjarna þess að upplifa kvíða og setja hana upp á hátt sem fólk skilur og getur tengt við.“
- Þórður Páll Jónínuson

„Þetta var stórkostleg sýning. Þetta verk er mikilvægt innlegg í baráttuna gegn fordómum.“
- Ólafur Þór Ævarsson, geðlæknir

„Ég hló og grét. Þannig eru bestu leikhús upplifanirnar.“
- Dominique Sigrúnardóttir

„Fyrirlestur um eitthvað fallett er fyrirtaks fræðslusýning um kvíða sem á erindi við alla.“
- Silja Björk Huldudóttir, Morgunblaðið



Leikverkið *Fyrirlestur um eitthvað fallegt* var frumsýnt í vor í Tjarnarbíó, við frábærar undirtektir. Verkið fjallar á gamansaman hátt um málefni sem alltof margir þekkja vel í dag, nefnilega kvíða. Vegna þeirra jákvæðu móttaka sem verkið fékk hjá áhorfendum og áskorunum um að sýna það áfram snúum við aftur í Tjarnarbíó með fleiri sýningar.

Endurfrumsýning fer fram 15. september kl. 20:30.

Aðrar sýningar:

Föstudagur 15. sept. kl. 20:30

Sunnudagur 24. sept. kl. 20:30

Fimmtudagur 5. okt. kl. 20:30

Þriðjudagur 10. okt. kl. 20:30 - sérstök sýning í tilefni af alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum, umræður eftir sýningu

Laugardagur 14. okt. kl. 20:30

Miðasala á tix.is.

Baldur stígur á svið og er að hefja fyrirlestur um nýjasta listaverk sitt. Hann finnur að eitthvað er ekki eins og það á að vera... hann frýs. Hann er að fá sitt fyrsta kvíðakast. Hann kíkir inn í heilann sinn og sér þá hvar stjórnstöðin er að bila.

Við kynnumst Baldri – ótta hans, þrálátum hugsunum og leit hans að lausn. Við kynnumst líka öllum hinum Böldrunum, því kvíði býr í okkur öllum. Birtingarmyndir kvíða geta verið ótalmargar og upplifun hvers og eins er sérstök. Fimm leikarar túlka mörg andlit kvíðans, í sjónrænu, gamansömu leikverki.

Í verkinu er kvíðinn skoðaður frá ýmsum sjónarhornum og kafað í tilfinningar, hugsanir, magaverki, tölvuleiki, geðlyf, svefntruflanir, sjálfsþekkingu, sigra, bata, hugarangur og sálarfrið. Og ofurhetjan Kvíðamaðurinn kemur að sjálfsögðu við sögu.

Rannsóknir sýna að á hverju ári þjást um 12% Íslendinga af óeðlilegum eða sjúklegum kvíða. Leikverkið fjallar á glettinn hátt um þetta erfiða málefni, með það að markmiði að vekja fólk til meðvitundar og opna umræðuna um geðheilbrigði á Íslandi enn frekar.

Höfundur: SmartíLab-hópurinn

Leikstjóri: Sara Martí

Framkvæmdastjóri: Martin L. Sörensen

Leikmynda og búningahönnuður: Brynja Björnsdóttir Tónlist: Stefán Örn Gunnlaugsson (Íkorni)

Ljósahönnun: Arnar Ingvarsson

Leikarar: Agnes Wild, Bjarni Snæbjörnsson, Guðmundur Felixson, Kjartan Darri Kristjánsson og Sigrún Huld Skúladóttir

Stikla úr verkinu: youtu.be/ZKRuMNq06XY

Hlekkir

smartilab.is

tjarnarbio.is

facebook.com/smartilab.is

instagram.com/smartilab

Verkið er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneyti - Leiklistarráði.